

From: Geir Bjarnason
Sent: Mon, 10 Sep 2018 14:44:05 +0000
To: Sunna Magnúsdóttir
Subject: FW: Bogfimifélagið Hrói Höttur

sæl Sunna
hér þarf að stofna nýtt félag í One og mál sem við setjum á næsta fund og bréfið hér er erindið
lestu það yfir og commentaðu á það til mín
gb

From: Sveinn Stefánsson <svennispes@gmail.com>
Sent: mánudagur, 10. september 2018 13:44
To: Geir Bjarnason <geir@hafnarfjordur.is>
Subject: Bogfimifélagið Hrói Höttur

Góðan dag.

Það mér ánægjuefni að tilkynna ykkur um stofnun nýs íþróttafélags í Hafnarfirði sem mun stunda og æfa bogfimi. Félagið hefur verið samþykkt inn í ÍBH og heitir það **Bogfimifélagið Hrói Höttur kt 430918-0600**.

Starfsemin er fólgin í að kynna og stunda bogfimi í og undir formerkjum Hafnarfjarðarbæjar og munu þjálfarar með kennsluréttindi frá W.A. (e. World Archery) sjá um kennslu/námskeið og eru þeir jafnframt stofnendur þessa félags. Námskeið verða haldin fyrir unga byrjendur og lengra komna en þetta fer allt eftir tímaúthlutun og aðstöðu sem er verið að skoða hjá ÍBH. Ástæðan fyrir þessari stofnun má rekja meðal annars til þessa að tveir af stofnendum Bogfimifélagsins Hróa Hattar hafa haldið bogfimisýningu/kennslu í samstarfi við Geir íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar á 17. júní. Bæjarbúar tóku vel í það og hafa fyrirspurnir komið um hvort að hægt sé að iðka íþróttina innan bæjarfélagsins. Myndi þetta verða góð viðbót við hið annars ágæta íþróttastarf sem nú þegar er rekið í Hafnarfirði. Nú hef ég verið starfandi sem bogfimiþjálfari í Reykjavík síðastliðin tvö ár og hef ég rekið mig á það að sumir krakkarnir sem sækja í þessa íþrótt eru sum hver ekki mikið fyrir bolta/contact íþróttir og vilja fá að stunda einstaklingsíþróttir sem leggja upp úr einbeitingarhæfni og hæfileikum. Einnig hefur stór hluti iðkanda, ungir sem aldnir með hinar ýmsu greiningar (t.d. ADHD, ADD, einhverfu osfrvs.) fundið sig vel í þessari íþrótt. Að sjálfsögðu eru einnig krakkar sem eru að prófa hinar ýmsu íþróttagreinar til að finna hvað hentar þeim best.

Við óskum eftir góðu samstarfi við íþróttaráð/Hafnarfjarðabæ í formi styrkja þar sem við ætlum að opna félagið með nýkeyptan búnað sem verður til staðar fyrir nýja iðkendur sem sækja byrjendanámskeið. Eftir að hafa fundað með nokkrum heildsölum um innflutning á búnaði sem til þarf, kom í ljós að hagstæðustu kaupin væru tæpar 750.000 kr. Þetta er vandaður búnaður og sjáum við fram á að hann muni endast lengi og borga sig með tímanum.

Mbk
Sveinn Stefánsson
Formaður og þjálfari Bogfimifélagsins Hróa Hattar.